

Borgarbyggð
Lulu Munk Andersen,
skipulags- og byggingarfulltrúi
Borgarbraut 14
310 Borgarnes



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 10. desember 2014
Tilvísun: UST20141100147/ksj

Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi lóðar í landi Húsafells 1.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Borgarbyggðar er barst 24. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu deiliskipulags á 9107 m² lóð í landi Húsafells 1.

Markmið áætlaðs deiliskipulags er að byggja upp sýningarskála, menningarhús og þjónustuhús og byggja jafnframt upp legsteinasafn. Svæðið þar sem staðsetja á áætlaðar byggingar er í aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010 - 2022 skilgreint sem landbúnaðarland, opið svæði til sérstakra nota og hverfisverndarsvæði. Fyrirhugað byggingarmagn er 363 m².


Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að áætlaðar framkvæmdir falli vel að byggðinni sem fyrir er, og að sjónræn áhrif verði sem minnst. Einnig telur stofnunin mikilvægt að forðast verði allt óþarfa rask.

Athygli er vakin á því að ef ætlunin er að framkvæma innan friðlandsins í Húsafellsskógi þarf að leita leyfis hjá Umhverfisstofnun.

Umhverfisstofnun gerir ekki aðrar athugasemdir við ofangreinda lýsingu, en telur sér heimilt að koma með athugasemdir við deiliskipulagstillöguna ef þurfa þykir.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri